

Kynning á vinnu Félagsmálaráðuneytisins við stefnumótun í málefnum barna

Á síðasta ári boðaði ég heildarendurskoðun barnaverndarlaga sem og endurskoðun á félagslegri umgjörð og stuðningi við börn á Íslandi með áherslu á snemmtæka íhlutun og samvinnu kerfa. Við vinnuna er lögð áhersla á víðtækt samstarf og samvinnu, hvort sem um ræðir breytingar á lögum, á reglugerðum eða framkvæmd þjónustu.

Vinnunni er stýrt af félagsmálaráðuneytinu og hefur félags- og barnamálaráðherra skipað þverpólitíska nefnd þingmanna til að hafa yfirumsjón með mótun stefnunnar. Þingmannanefndin starfar með fagfólki sem og notendum kerfisins víða að úr samfélaginu. Samhliða starfa opnir hliðarhópar sérfræðinga um tiltekin málefni. Þá eru fyrirhugaðir opnir fundir á síðari stigum vinnunnar og stærri ráðstefna á vormánuðum.

Aðgerðir til stuðnings börnum og fjölskyldum eru ein dýrmætasta fjárfesting sem samfélagið getur ráðist í. Ég bind vonir við að við sameinumst um þetta mikilvæga og umfangsmikla verkefni þvert á stöðu, fagsvið og flokka.

Hér með er vakin athygli á yfirstandandi vinnu og bent á að þeir sem hafa áhuga á því að koma að vinnunni á einhverjum stigum geta sent ábendingar á netfang sem gefið er upp í meðfylgjandi skjali, komið upplýsingum á framfæri eða óskað eftir þátttöku í hliðarhópum og opnum fundum.

Meðfylgjandi er nánari lýsing á vinnu við stefnumótunina.

Virðingarfyllst,

Ásmundur Einar Daðason

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra

